



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 5. janúar 2021  
MÍ202012-0094/ 6.06

## Hafnarbraut 20, Höfn, Sveitarfélagið Hornafjörður – breyting á húsi

Í tölvupósti dags. 7. desember 2020 vekur Brynja Dögg Ingólfssdóttir, skipulags- og umhverfisstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar athygli Minjastofnunar á grenndarkynningu vegna fyrirhugaðra breytinga á húsnæði að Hafnarbraut 20 á Höfn. Með erindinu fylgdu uppdrættir Arkitektastofunnar Austurvelli af breytingunni dags. 16.04.2016. Sótt er um leyfi til að skipta húsnæðinu í tvær íbúðir og að bæta við svölum á 2. hæð.

Húsið að Hafnarbraut 20 er skv. Fasteignaskrá byggt árið 1930. Húsið fellur þar með ekki undir lög um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e.a.s. húsið er ekki aldursfriðað, friðlýst eða umsagnarskylt. Álit Minjastofnunar er því leiðbeinandi en ekki stjórnvaldsúrskurður.

*Minjastofnun telur þörf á að gera athugasemdir við staðsetningu svala sem til stendur að setja á framhlið hússins þar sem þær rýra byggingarlist hússins en framhliðin setur áberandi svip á götumynd Hafnarbrautar. Ef nauðsyn krefur að gera svalir á efti hæð hússins telur stofnunin að það sé betri kostur að gera dyraop og svalir á annan hvorn gaflinn eða gera svalir yfir bakinnngangi.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Puriður Elísa Harðardóttir  
minjavörður Austurlands

Pétur H. Ármannsson arkitekt  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti:  
Brynja Dögg Ingólfssdóttir ([brynja@hornafjordur.is](mailto:brynja@hornafjordur.is))  
Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar ([skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is))

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærnanlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.